



Fundargerð

7. fundur atvinnu- og menningarmálanefndar Djúpavogshrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur var haldinn í atvinnu- og menningarmálanefnd Djúpavogshrepps að Bakka 1, Djúpavogi, laugardaginn 6.apríl 2019 kl. 09:45. Fundinn sátu Þorbjörg Sandholt formaður, Berglind Elva Gunnlaugsdóttir, Hafliði Sævarsson, Sigurjón Stefánsson og Bergþóra Birgisdóttir. Einnig sat fundinn Greta Mjöll Samúelsdóttir atvinnu- og menningarmálafulltrúi. Þorbjörg stjórnaði fundi.

Dagskrá var eftirfarandi:

1. Endurskoðun fjallskila
2. Upprekstur í Búlandsdal
3. Fundaröð um atvinnu-og menningarmál
4. Atvinnu- og menningarmálafulltrúi
5. Önnur mál

-
1. **Endurskoðun fjallskila**
Hafliði fór vel yfir málið, nefndin gerir ekki athugasemd við endurskoðun fjallskila.
 2. **Upprekstur í Búlandsdal**
Nefndinni barst bréf frá Guðmuni Val Gunnarssyni þar sem hann óskar eftir upprekstrarsamningi í Búlandsdal. Nefndinni líst vel á erindið og leggur til að gengið verði til samninga.
 3. **Fundaröð um atvinnu-og menningarmál**
Vel var mætt á opinn fund um ferðapjónustu sem haldinn var um miðjan mars s.l. Nefndin þakkar málefnalegar umræður á fundinum og margar góðar ábendingar sem komu fram. Nefndin mun ásamt atvinnu- og menningarmálafulltrúa fara yfir þessar ábendingar.
 4. **Atvinnu- og menningarmálafulltrúi**
Greta Mjöll gerði grein fyrir verkefnum sem hún hefur unnið að á s.l. vikum m.a. að búið er að auglýsa eftir refa og minka veiðimönnum, sumarstörfum og fleiri störfum. Greta sagði fá erindi sem hún flutti í sambandi við Daga myrkurs og að hún stefnir á að vera með kynningu um Cittaslow í Hrísey fljótlega. Einnig sagði Greta frá spennandi Cittaslow verkefni sem framundan er þar sem sveitarfélagið mun bjóða öllum íbúum á námskeið og verður það auglýst fljótlega. Endurprentun á bæklingum er að fara í gang og Bóndavarðan kemur út 8.apríl. Búið er að sauma 40 poka í pokastöðinni. Skipulag fyrir Rúllandi snjóbolta er í fullum gangi og utandagskrá Hammondhátíðar er glæsileg í ár.
 5. **Önnur mál**
Opinn fundur um menningarmál verður haldinn 11.maí næst komandi. Bergþóra bendir á að 4.maí sé norræni strandhreinsunardagurinn. Gretu Mjöll falið að skoða málið frekar.

BEB
SS. JS. KS.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:30
Næsti fundur fyrirhugaður 2.mái

Þorbjörg var fundarritari

Þorbjörg Sandkoff

BERSUND GNA G.

Hallid: Sannars

Þerap. Þingisdattur

Stypan Sefur